

Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	06.02.19
Málalýkill	13-13
Mál nr.	1902074

Reykjavík, 1. febrúar 2019

Efni: Nordjobb sumarstörf 2019

Nordjobb er samnorðent verkefni sem útvegar ungu fólki á aldrinum 18-30 ára sumarvinnu og húsnæði á hinum Norðurlöndunum, ásamt því að skipuleggja fjölbreytta tómstunda- og menningardagskrá fyrir Nordjobbbara í hverju landi fyrir sig.

Fjöldi íslenskra ungmenna fær sumarvinnu á vegum Nordjobb ár hvert, en einnig hefur verið vinsælt meðal íslenskra atvinnurekenda að taka á móti hressum ungmönnum frá hinum Norðurlöndunum.

Verkefnið hefur frá árinu 1985 greitt leiðina fyrir ríflega 20.000 ungmenni til að lifa og starfa í nágrannalöndum yfir sumartímann. Ungmennin öðlast þannig aukinn skilning á menningu frændþjóðanna og kynnast nýju tungumáli. Með því að ráða Nordjobbbara veitirðu ungu fólki einstakt tækifæri til að öðlast dýrmæta reynslu og víkka sjóndeildarhringinn.

Nordjobb þakkar Garðabæ þátttökuna í verkefninu sumarið 2018 og óskar hér með eftir því að bæjarfélagið taki aftur þátt í verkefninu og ráði Nordjobbbara til starfa sumarið 2019.

Virðingarfyllt,

Hannes Björn Hafsteinsson
Verkefnisstjóri Nordjobb á Íslandi
Norræna félaginu, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
island@nordjobb.org – s. 680 7477